



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Mánagarður

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	9
4 Innra mat Hulduhóll	11
5 Innra mat Tröllahellir	12
6 Innra mat Dvergaberg	13
7 Innra mat Dísaskógur.....	14
8 Innra mat Álfasteinn.....	16
9 Innra mat Skessuskot.....	17
10 Innra mat Drekyngja.....	20
11 Innra mat sérkennslu.....	21
12 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	23
13 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025.....	24
14 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
15 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
16 Foreldrasamvinna.....	25
17 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
18 Fylgiskjöl	26



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2023 gekk aðlögun nýrra barna frekar vel. Það voru 18 börn sem útskrifuðust og fóru í grunnskóla og auk þeirra hættu svo um 20 börn. Það hefur verið lítil hreyfing á börnum, mörg á flutningi en hafa ekki fengið pláss fyrr en núna í haust, 2024, svo það hefur verið lítið um aðlaganir á miðjum vetri þetta skólaárið, sem var afskaplega notalegt.

Við gerðum breytingar á deildunum sl. haust. Það eru áfram 3 yngri barna deildir, tvær miðju deildir og núna eru tvær eldri deildir í stað einnar. Við gerðum það meðal annars vegna þess að við fengum mörg börn með annað móðurmál en íslensku og vildum geta dreift þeim á fleiri deildir til að þau næðu betri tökum á íslensku og svo erum við með nokkur tvíburapör og vildum hafa möguleika á að geta skilið þá að, að ósk foreldra. Þá er líka nóg fyrir börn að fara á 3 deildir hér en ekki fjórar því sum voru að skipta nokkuð ört. Svo núna eru þau á sömu deild allan tímann sinn á yngri deild og fara svo bara á aðra hvora miðju deildina og svo aðra hvora elstu deildina, svo það eru færri skiptingar fyrir þau og dreifðari aldur á deildunum.

Þessar breytingar voru til hins betra og við höfum ákveðið að halda þessu áfram í haust.

Við auglýstum eftir starfsfólki í maí/júní og réðum nokkra fyrir sumarfrí til að koma til starfa haustið 2023 en það fólk kom svo ekki. Það var mjög takmarkað af umsóknum og við urðum því að ráða fólk af erlendum uppruna sem var ekki altalandi á íslensku. Það er gríðarlegt álag, bæði á erlenda starfsfólkið sem og það íslenska að hafa margt starfsfólk sem er talar ekki íslensku. Það er líka mjög krefjandi að vera með nýjan barnahóp og þurfa líka að vera að reyna að gera sig skiljanlegan við fullorðna á einfaldri íslensku eða á ensku til að öll séu með allt á hreinu. Það tekur auðvitað tíma fyrir fólk að aðlagast, læra á barnahópinn, menningu landsins, leikskólans og annað og eins og staðan hefur verið undanfarna vetur þá er ógjörningur að senda fólk í íslenskunám á vinnutíma, nóg hefur verið um manneklu vegna veikinda og námsmanna sem skráðir eru í fjarnám en þurfa samt að mæta í staðtíma amk 1x í viku.

Það varð gífurleg breyting á sérkennslunni í ár. Sérkennarinn okkar kláraði diplómunám í sérkennslufræðum og stundar nú nám í kennslufræðum. Við höfum alltaf lagt áherslu á að nám fari fram í daglegum aðstæðum barnsins og hefur hún verið starfsfólki deildanna innan handar með ráðgjöf og efnivið og hugmyndir að t.d. málvörunarstundum, lestrarstundum, leikjum, bókum og öðru. Jafnframt sinnir hún einstaklingsþjálfun og aðstoðar stuðningsfulltrúa og deildarstjóra við að gera einstaklingsáætlarnir, halda utan um fundi, eiga samskipti við foreldra og annað.

Við lögðum líka mikla áherslu á að sérkennari, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar færu saman á námskeið svo þekkingi væri ekki eingöngu hjá einni manneskju og sóttu allir þessir aðilar fjöldamörg námskeið tengd sérkennslu í vetur.

Með farsældarlögunum jókst réttur barna á þjónustu þegar þau þurfa hana og við höfum svo sannarlega haft nóg að gera í snemmtækri íhlutun og átt mjög farsælt samstarf við Vesturmiðstöð. Við finnum mjög mikinn mun og það eru flestir léttari í bragði og finnast þeir vera að vinna vinnuna sína þegar við fáum bæði aðstoð og fjármagn til að sinna þörfum barnanna um leið og við finnum að



þau hafi þörf fyrir hana. Það er aukinn skilningur og stuðningur og okkur finnst við loksins vera að upplifa snemmtæka íhlutun í raun og veru, ekki bara orð á blaði heldur líka núna í framkvæmd.

Leikskólastjórar Sólgarðs og Mánagarðs héldu áfram reglulegum fundum með góðum árangri.

Deildarstjórafundir eru á Mánagarði alla fimmtudaga og var ákveðið að halda þeim sama þótt það væri mannekla, þá komast þeir sem komast og það er rituð fundargerð sem er birt á lokuðu svæði fyrir deildarstjóra, svo þeir sem komast ekki geta alltaf séð hvað um var rætt.

Deildarfundir á eldri gangi eru aðra hverja viku en það hefur gengið erfiðlega að koma á deildarfundum á yngri gangi. Það er vonandi til bóta á komandi skólaári.

Það var gífurlega mikið um veikindi í vetur og það byrjaði rauninni strax í ágúst og hefur aðeins dregið úr því núna á vordögum. Það er enginn dagur á þessu skólaári þar sem allt starfsfólk var í húsi og við þurftum allnokkrum sinnum að biðla til foreldra að sækja fyrr.

Við höldum áfram að vera vinsæll valkostur hjá þýskum nemum sem eru hvattir til að fara erlendis og sækja sér fjölbreytta reynslu og við tókum á móti 5 þýskum nemum í vor sem dvöldu hér í 3 vikur. Þá vorum við líka með íslenska nema og fólk í vinnustaðþjálfun á vegum Vinnuálastofnunar.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Leikskólinn Mánagarður hefur starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2008, en hún byggir á 40 ára langtímarannsókn þar sem hver þáttur dagskipulagsins hefur verið rannsakaður. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla. HighScope er með lykilreynsluþætti sem eru 7 yfirþættir og 58 undirþættir sem eru þættir sem lögð er áhersla á í menntastefnu Reykjavíkurborgar en við höfum starfað eftir frá 2008. Yfirþættirnir í HighScope eru 1) Námsleiðir 2) Tungumál, læsi og samskipti 3) Félags- og tilfinningaþroski 4) Líkamsþroski, heilsa og velferð 5) Listir 6) Vísindi og tækni 7) Félagsfærni. Undir hverjum yfirþætti eru svo mismargir undirþættir. Lykilreynsluþættirnir leiðbeina kennurum um hvernig hægt er að skilgreina athafnir og nám barna á þessum aldri þegar þau eru að byggja upp þekkingu og skilning á heiminum í kringum þau. Með því að veita börnunum fulla athygli, með athugunum og samskiptum kynnast kennarar börnunum, læra að skilja þau og vita hvernig best er að styðja þau. Lykilreynsluþættirnir hjálpa kennurum að skipuleggja, túlka og bregðast við því sem þau sjá börnin gera. Kennarar skilja betur þroska barna með því að skoða lykilreynsluþættina og því þeir hjálpa þeim að ákveða hvað skuli gera næst. Það er auðveldara að fylgjast með þroska og vexti barnanna, deila og túlka athafnir barnanna fyrir foreldrum með lykilreynsluþættina að leiðarljósi.



Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólastjóri er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk Mánagarðs í að starfa eftir stefnunni.

Workplace síðan hefur reynst ágætur vettvangur þar sem Íris hefur sett inn fræðsluefni tengt HighScope fyrir starfsfólk leikskólans og í vor hóf hún að setja þar inn stutta rafræna fyrirlestra um afmarkað efni fyrir starfsfólk og sömu fyrirlestra fyrir foreldra á lokuðu svæði.

Íris gerði innra mat (PQA – Preschool Quality Assessment – matskvarði frá HighScope) á öllum deildum í vetur. Það er gert með skráningu, athugunum og samtölum.

Það komu fram ýmsir styrkleikar en einnig tækifæri til umbóta, margt af því er auðvelt að bæta.

Innra mat

Við notum Preschool Quality Assessment – PQA lista frá HighScope til að meta okkar innra starf. Það er listi með kvörðunum 1-3-5 og hann tekur á námsumhverfi barna, dagskipulagi, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum.

Íris, HighScope kennari, sér um að gera þetta mat. Hún fer á deildir, metur út frá listanum og með athugunum og viðtölum við starfsfólk deilda eftir þörfum. Skorið er svo lagt saman og fengið heildarskor deilda.

Við lögðum áherslu á að koma upp listasvæði á yngri deildum en það hefur verið svona upp og ofan hingað til.

Við matið studdumst við við kaflann um listasvæði í bókinni The HighScope Preschool Curriculum eftir Ann Epstein og Mary Hohman og höfðum þá sérstaklega til hliðsjónar listann yfir efnivið á listasvæði á bls. 199.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Listasvæði á yngri deildum	Shelley Nemeth HighScope kennari fór yfir svæðið í samvinnu við Írisi HighScope	Íris HighScope kennari, Shelley Nemeth, HighScope kennari, deildarstjórar yngri deilda.	Styrkleikarnir voru fáir því að var nánast enginn efniviður á listasvæðinu á yngri deildunum þrátt fyrir að það svæði væri til



	<p>kennara og deildarstjóra deildanna.</p> <p>Shelley fór yfir hvað þarf að vera til staðar á listasvæðum fyrir yngri börn og hvernig það gæti litið út og deildarstjórar týndu til þann efnivið sem var til á deildinni og Shelley raðaði upp á einu svæði til að gefa okkur hugmynd.</p> <p>Hver deild gerði svo sitt listasvæði í framhaldinu.</p>		<p>staðar og merkt.</p> <p>Það voru því mörg tækifæri til umbóta og allar deildir settu efnivið á sín listasvæði. Við byrjuðum á efnivið sem okkur leið vel með að hafa í hæð barnanna.</p> <p>Penslar, leir í lokuðum boxum, leiráhöld, krítartöflur og krítar, svuntur, vaxlitir, blöð – þetta var það sem öll voru tilbúin að setja strax niður.</p> <p>Eftir áramót var svo endurmat og þá fóru deilar að bæta við efnivið á listasvæðin sín.</p> <p>Við fórum frá því að skora 1 stig í PQA í að skora 3 stig af 5 mögulegum. Verkefnið er enn í endurskoðun.</p>
<p>Fjölmennningarlegur efniviður á elstu deildinni</p>	<p>Með PQA listanum um fjölmennningarlegan efnivið</p>	<p>Íris HighScope kennari, Herdís deildarstjóri</p>	<p>Það vantar töluvert upp á að efniviðurinn endurspegli menningu barna og starfsfólks, hvort sem það er íslenskt eða erlent.</p> <p>Herdís fór í Góða hirðinn og keypti þar allskonar hluti sem endurspeglar</p>



			menningu barna á deildinni, við bættum líka við umbúðum og þh, hengdum upp heimskort og fána og myndir frá heimalöndum barna og starfsfólks.
Dagsyfirlit	Umræða frá starfsfólki deilda að það vanti betra skipulag fyrir starfsfólk	Íris HighScope kennari kom á deildarfund og fór yfir HighScope leiðina til að hafa betri yfirsýn á deildinni og kynnti fyrir deildinni þar til gert eyðublað. Kafli og eyðublað í bókinni The HighScope Preschool Curriculum, bls 139 – dæmi – sem við aðlögum að okkar dagskipulagi og þörfum.	Skráning á eyðublaðið og nú er betri yfirsýn yfir daginn og hvert hlutverk hvers og eins er öllum stundum dagsins. Gott fyrir afleysingafólkið líka að fá svona heildarmynd. Allir miklu sáttari og starfið markvissara.



Ytra mat

HR Monitor gerði könnun í október 2023 og aftur í maí 2024.

Starfsfólk fær spurningalista í tölvupósti.

Mikil starfsánægja er meðal okkar starfsfólks og það er að sjálfsögðu alltaf ánægjulegt og við erum að koma mjög vel út á öllum þáttum.

Skýr framtíðarsýn er lægsta skorið okkar en undir þeim lið eru spurt hvort fólk fái reglulega endurgjöf frá sínum nánasta yfirmanni, við þurfum að vinna aðeins í þeim þætti með deildarstjórunum okkar því við viljum að sjálfsögðu frá grænt í alla reiti.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver fram-kvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði. Stuðst er við til að meta hversu vel tókst að markmiði.
HighScope einstaklings viðtöl	Að bjóða hverjum starfsmanni upp á einstaklings viðtal við Írisi, HighScope kennara, til að fara yfir styrkleika og veikleika hvers og eins og hvaða þjálfun eða handleiðslu fólk vill eða þarf	Íris setur upp skráningarblað líkt og gert var fyrir starfsþróunar-samtölin, Fólk skráir sig í viðtal og það er algjörlega á þeirra forsendum.	Íris	Sept '24	Júní '25	Skráning á eyðublað hvað kom fram í viðtali, væntingar og hvernig verður brugðist við	Eftirfylgd, framhaldssamtöl



Uppeldis- og menntastarf							
Rafrænir HighScope fyrirlestrar	Íris er að taka upp stutta fyrirlestra um alla þætti dagskipulag sins og allt annað tengt HighScope og setja á workplace – þannig getur fólk horft og lært þegar því hentar og eftir þörfum	HighScope fyrirlestrar á workplace, starfsfólk nýtir hluta af undirbúningstíma til að horfa/hlusta Nýtt starfsfólk fær þjálfun og getur svo nýtt sér myndböndin sem ítarefni	Íris Allt starfsfólk	Maí '24	Maí '25	Endurgjöf frá starfsfólki í gegnum workplace eða með einka-skilaboðum Starfsfólk kemur með óskir um efni sem það vill fá	Stækkandi HighScope gagnasafn íslensku
Innra mat							
Deildarfundir á yngri gangi	Erum alltaf með deildarfundi á eldri gangi en það hefur ekki tekist nógu vel að koma þeim á á yngri ganginum	Deildarstjórar yngri deilda funda og finna hvaða tími hentar best og hvernig fyrirkomulagið gæti verið svo allt gangi vel	Deildarstjórar á yngri deildum, starfsfólk yngri deilda	Júní '24	Des '25	Skráning á fundum og fundargerð, skráning á af hverju ekki var fundað – ástæður	Fara yfir skráningar og greina ástæður þess að ekki var funduð



4 Innra mat Hulduhóll

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samverustundir	Virkari og fjölbreyttari samverustundir	Finna nýjar og fjölbreyttari sögur, fleiri lög og leiki	Allt starfsfólk deildarinnar	Ágúst 2024	Des 2024	Fleiri hugmyndir – fjölbreyttari samverur	PQA kaflinn um samveru, ná að lágmarki 4,5



5 Innra mat Tröllahellir

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samvera	Að bæta samverustund og setja inn ný verkefni	Setja upp nýjar sögur og nýja leiki, hjálpa hvert öðru með lög, útskýringar og framkvæmd. Hafa tvo starfsmenn með í samveru og skilaboðaskjóðu.	Allt starfsfólk deildarinnar	Maí '24	Des '24	Búið að bæta við efnivið – bækur, leikir, sögur – Allir starfsmenn meðvitaðir um hvað og hvernig á að gera	PQA kaflinn um samverustundir, Ná að lágmarki 4,5



6 Innra mat Dvergaberg

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útivera	Auka fjölbreytni í efnivið í yngri garðinum	Bjóða upp á fjölbreyttari efnivið, t.d. skotmark og/eða körfu. Mála útlínur af marki á vegg í litla garði, koma upp körfuboltakörfu Vantar fleiri bíla og t.d. myllur í sandkassann. Finna efnivið sem reynir á vöðva og styrk, vantar efnivið til að draga, toga, ýta.	Íris aðstoðar við leikfangaval og kaup, Deildin sér um að velja fjölbreyttari efnivið í útiverunni, setja út efni úr	Mái 24	Okt 24	Fara yfir útiskúrinn og flokka efnivið fyrir yngri og eldri garð. Sjá þannig hvernig við getum aukið fjölbreytileikann. Skoða hvernig börnin leika í garðinum og lesa í það hvað vantar fyrir þau.	Ná amk 4,5 í PQA Sjá fjölbreyttari leik í garðinum.



7 Innra mat Dísaskógur

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Skipuleggja svo það verði markvissara og fjölbreyttara	Nýta betur undirbúnings-tíma – hann á að vera til að undirbúa þessar stundir það er til skipulag sem þarf að nýta. Það auðveldar bæði starfsfólki og afleysingu til að geta hoppað inn í þegar það eru veikindi eða frí.	Allt starfsfólk deildarinnar. Deildarstjóri sér um að koma skipulaginu af stað en svo hjálpast allir við að fylgja því	Júní 24	Des 24	Fjölbreyttara hópastarf og betur skipulagt, sést á skráningu	Samskipti milli allra séu góð, farið yfir árangur á fundum og metið hvernig gengur og hvort og hvað við getum gert betur
Samvera	Skipuleggja svo hún verði	Nýta betur undirbúnings-tíma – hann á	Allt starfsfólk deildarinnar.	Júní 24	Des 24	Fjölbreyttara hópastarf og betur skipulagt,	Samskipti milli allra séu góð,



	markvissari og fjölbreyttari	að vera til að undirbúa þessar stundir það er til skipulag sem þarf að nýta. Það auðveldar bæði starfsfólki og afleysingu til að geta hoppað inn í þegar það eru veikindi eða frí.	Deildarstjóri sér um að koma skipulaginu af stað en svo hjálpast allir við að fylgja því			sést á skráningu	farið yfir árangur á fundum og metið hvernig gengur og hvort og hvað við getum gert betur
Hvíd frammi	Skipuleggja svo það verði markvissara og fjölbreyttara	Nýta betur undirbúnings-tíma – hann á að vera til að undirbúa þessar stundir	Allt starfsfólk deildarinnar	Júní 24	Des 24	Skipuleggja og skrá viðfangsefni í hvíldinni til að auka fjölbreytileikann á verkefnum og efnivið í hvíldinni – er hvíld fyrir þau sem ekki sofa eða mega ekki sofa	Meta stundirnar, áhuga barnanna og þátttöku í því sem er í boði í hvíldinni frammi

Styrkleikar: erum að gera okkar besta til að koma til móts við þarfir hvers og eins, mæta þeim þar sem þau eru stödd og vera til staðar fyrir þau í leik og starfi.



8 Innra mat Álfasteinn

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráning/skipulag	Þetta gekk ekki upp hjá okkur á síðasta ári. Þegar blöðin kláruðust þá gleymdist að prenta út fleiri og vegna þess að það gleymdist í einhvern tíma þá hættum við að finna þörfina til að skrá. Í þetta sinn verður mappa búin til í tölvunni með því sem við notum reglulega og þurfum að prenta út svo það sé minna mál að prenta það sem við þurfum.	Tíminn í hvíldinni og eftir pásur inni á deild er notaður í að skipuleggja og skrá á skráningar- blöðin	Hver starfs- maður sér um að skrá á blöðin. Deildar- stjóri sér til þess að blöðin séu til.	Sept 24	Mái 25	Við förum reglulega yfir skráningar - blöðin og ræðum umbætur og annað á deildarfundum	Að skráningar séu orðin ómissandi hluti af starfinu. Sem gerir starfið auðveldara og meira flæðandi.



9 Innra mat Skessuskot

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samverustund	Fjölbreyttari og höfðar til hópsins	Sögur, söngur, fingraleikir, tónlist	Öll deildin	Ágúst 24	Maí 25	Skrá hvað á að vera í samverunni, fara yfir hvað sló í gegn og af hverju, gera plan.	Virkari þátttaka barna í samverunni, Ná amk 4,5 í Samverustundarþættinum í PQA matslistanum
Val, rifja upp	Gera þær markvissari	Nota allt propsið sem er til fyrir þessar stundir en hefur einhvern veginn ekki verið í notkun, gefa sér tíma til að hlusta á hvað börnin segja og hvetja þau	Deildarstjóri ber ábyrgð á að allt sé til og handleiðir starfsmenn eftir þörfum, sýnikennsla, rafrænir fyrirlestrar frá Írasi – starfsfólk notar undirbúnings-tíma til að hlusta á þá	Ágúst 24	Maí 25	Nota eyðublöðin fyrir val – rifja upp, fara yfir þau og skoða leiðirnar sem hafa verið notaðar og fylgja áhuga og styrkleika barnanna	Markvissara val, og rifja upp. Skráning á hvaða props var notað og hvernig valið var Ná amk 4,5 í val og rifja upp þættinum í PQA matskvarðanum



		til að tjá sig					
Leikstund	Virkari þátttaka starfsmanna í leikstundinni	Vera á svæðunum og vera til staðar, taka eftir leiknum – líka til að fá hugmyndir fyrir val og hópastarf, Vera til staðar	Deildarstjóri og öll deildin, Fyrirlestrar frá Írisi á workplace, starfsfólk notar undirbúningstímann til að dýpka þekkinguna	Ágúst 24	Maí 25	Nota eyðublöðin og skrá áherslupátt fyrir leikstundina, fylgjast þannig með framförum	Ná amk 4,5 í þættinum um leikstund í PQA matskvaraðnum,
Taka saman	Markvissari aðferðir og leiðir, ná meiri ró	Finna og skipuleggja leiðir til að taka saman, nota HighScope	Öll deildin, Íris með rafrænan fyrirlestur	Ágúst 24	Maí 25	Með skráningu, skrá aðferðir til að taka saman og nota þær, vinna út frá styrkleikum og áhuga barnanna	PQA listinn, ná amk 4,5

Vangaveltur deildarinnar eftir krefjandi vetur:

Við viljum gefa okkur meiri tíma í hvern þátt í dagskipulaginu þannig að bæði börn og fullorðnir fái meira út úr starfinu.

Við þurfum að ná deildinin aftur til okkar, fórum aðeins út af sporinu og viljum því skoða alla þætti dagskipulagsins, hvernig megi gera betur og fara meira á dýptina í hverjum þætti, taka deildina aftur til okkar. Við vitum að þegar við fylgjum HighScope alveg þá líður börnum og starfsfólki betur og það verður meiri ró, meira öryggi og meiri ánægja.

Við erum öll ábyrg furir því hvernig við tökum starfið aftur til okkar, við lítum á okkur sjálf og leitum eftir styrk frá hvort öðru.

Deildarstjóri ber ábyrgð á því að fylgjast með og taka eftir ef hvort einhverjar breytingar verða.



Eftirfylgni rædd á deildarfundum og deildarstjóri spyr starfsmenn hvernig þeim líður og gengur með þetta, hvort að hann geti styrkt hvern og einn starfsmann í því að verða betri starfsmaður og öruggari í HighScope og starfi sínu. Við finnum að starfsmenn hafa verið óöruggir í starfinu og við viljum meina að það hafi verið ákveðna aðstæður á deildinni síðasta vetur sem hafi haft gríðarleg áhrif á starfið og deildarstjóri hafi ekki verið til staðar fyrir deildina. Við ætlum að gefa okkur allan veturinn í þetta og vitum alveg að við getum snúið þessu við og höfum allt sem þarf til þess. Deildastjóri ætlar að vera meira til staðar og sýna fordæmi og leiða hópinn á ný. Okkur finnst þetta innra mat vera mat á okkur sem starfsmönnum, hvernig getum við orðið betri starfsmenn? Því ef við erum til staðar og með allt okkar á hreinu og notum HighScope alveg út í ystu æsar á vitum við alveg að börnin verða öruggari og við líka.

Ef að þessar breytingar verða, líður okkur þá betur? Verða dagarnir auðveldari? Börnin ánægðari og meiri ró yfir deildinni?

Sjáum við og finnum mun? Hvaða og hvernig?

Líður mér betur sem starfsmanni?

Hvernig? Hvað gerði ég til að mér liði betur?

Var það ég eða hópurinn í heild?

Var að einungis deildarstjórinn?

Gott fyrir okkur öll að líta í eigin barm.



10 Innra mat Drekaþyngja

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag	Skrá daglega fyrir næsta dag	Nota skipulagsblöðin sem eru til og hafa gefist vel á öðrum deildum	Íris sér um að gera heftið, deildarstjórinn og deildin öll sér um að skrá daglega	Ágúst 24	Maí 25	Með því að fara yfir blöðin á deildarfundum aðra hvora viku og sjá hvernig gengur að skrá	Að það sé skráð á blöðin alla daga, alltaf
Þátttaka kennara í daglegu starfi	Að kennarar séu virkari þátttakendur í starfinu, séu til staðar í leikstund og öllu sem fer fram inni á deild. Draga úr rápi kennara inn og út af deildinni.	Gera vaktaplanið betra svo það sé á hreinu hver á að gera hvað. Ræða við kennara um hvort þeim finnist betra að eiga ákveðið svæði á ákveðnum tíma dags.	Deildarstjóri gerir vaktaplan sem virkar, eins og á öðrum deildum. Starfsfólk ber ábyrgð á að fara eftir því vaktaplani	Ágúst 24	Maí 25	Gera vaktaplan sem virkar, fara yfir það og endurmeta á deildarfundum.	Að ná ró í starfsfólkið, að það sé til staðar fyrir börnin en ekki bara að sinna wc og taka til oþh heldur bara vera til staðar, vera á gólfinu með börnunum.



11 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólaskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurftu. Börnin komu í vinnustundir í sérkennsluherbergi og reynt að vinna með þættina líka inni á deild. Skráning eftir hverja vinnustund í sérkennsluherbergi. Óformlegar skráningar inni á deildum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS, EFI-2, HLJÓM-2, AEPS, þroskalisti 3-6 ára og smábarnalistinn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Keyptum allskonar ný spil og bækur til að nota í vinnustundum inni í sérkennsluherbergi</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
	Efla þekkingu á rími á öllum deildum	Finna nýja leiki fyrir til dæmis samverustun d og hópastarf. Efla starfsmenn á deildum til að nýta þulur og vísur með börnunum.	Sérkennslu -stjóri og deildarstjóri	Haust 24	Vor 25	Með hefðbundnum matslistum eins og td TRAS	



12 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Með kaupum á námsgögnum til að efla íslenskan orðaforða. Einnig safnað saman gagnlegu efni sem foreldrar þessara barna geta nýtt sér heimavið.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Inni á deild er lögð áhersla á söng, lestur og almennt spjall við börnin
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Í vinnustundum er lögð áhersla á að nota fjölbreyttan og nýjan orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við reynum að fylgjast með og efla orðaforða fjöltyngdu barnanna eftir bestu getu. Til dæmis með TRAS og öðrum skimunum.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Á Mánagarði nýtum við stundir á borð við skilaboðaskjóðu, samverustundir og hópastarf til að efla læsi og skilning. Í skilaboðaskjóðuni læra börnin að lesa úr myndunum og geta sagt frá því sem stendur þar. Samverustundir og hópastarf gefa einnig frábært tækifæri til að efla börnin í allskonar frásögnum bæði um þeirra daglega líf sem og það sem er að gerast á leikskólanum



13 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Efla kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál	Halda áfram að finna skemmtilegar leiðir til að efla fjöltyngd börn í íslenskunni. Veita deildarstjórum stuðning til að efla sitt starfsfólk í að hjálpa fjöldtyngdum börnum í daglegu starfi inni á deild. Til dæmis efla starfsfólk í að hafa skilaboðaskjóðu sem fjölbreyttasta	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Haut 2024		Börn fara í hefðbundnar skimanir á borð við TRAS, EFI og HLJÓM. Deildarstjórar fylgjast einnig með tungumálanotkun barnsins inni á deild	

14 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri bauð upp á starfsþróunarviðtöl á vordögum. Það var skráning í viðtalstíma og starfsfólki fannst jákvætt að hafa val um tíma og fá að skrá sig sjálf í stað þess að vera boðað í viðtal, það voru flestir sem nýttu sér þetta tækifæri til samtals.

Það var mikið um fjölbreytta fræðslu á þessu skólaári. Við vorum að senda og fara nokkur saman á ýmis mikilvæg námskeið svo vitneskjan hverfi ekki úr húsi með einni manneskju, auk þess sem það er alltaf skilvirkara þegar það eru fleiri saman sem geta þá rætt efnið og veitt stuðning þegar við notum það í daglegum aðstæðum.

Allir deildarstjórar sóttu deildarstjóranámskeið á vegum Menntafléttunnar.

Tveir deildarstjórar sóttu TRAS námskeið.



Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri 3-4ra ára barna fóru á EFI -2 námskeið.

Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, þroskaþjálfari og einn deildarstjóri fóru á AEPS námskeið.

Aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, þroskaþjálfari og tveir deildarstjórar fóru á námskeiðið Skráning og þjálfun.

Deildarstjóri og stuðningsfulltrúi fóru á námskeiðið Náttúrleg þjálfun.

Aðstoðarleikskólastjóri fór á námskeið um einhverfu.

Leikskólastjórar fóru á markþjálfadaginn, námskeið um öryggismál, fyrirlestur um vinnuvernd auk fjölda annarra fyrirlestra, námskeiða og fræðslu í raunheimum og á netinu.

6.október voru 15 ár frá því Mánagarður fór að vinna eftir HighScope stefnunni og við fögnuðum því með því að fá til okkar mentorinn okkar, Shelley Nemeth, sem kom frá Bandaríkjunum og gerði úttekt á deildum og var svo með námskeiðsdag fyrir allt starfsfólk Mánagarðs og Sólgarðs, sem er ungbarnaleikskóli Félagsstofnunar stúdenta.

Það var kominn tími á skyndihjálparnámskeið sem fór fram þann 23.febrúar 2024.

Nýliðanámskeið í HighScope var á sínum stað í byrjun hausts.

Allt starfsfólk einnar deildar fór á námskeið um sykursýki eftir að barn greindist með það.

15 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mánagarður og Melaskóli eru í samstarfi og börnin okkar fara þangað í eina heimsókn yfir veturinn.

16 Foreldrasamvinna

Dagleg samskipti eru mikilvægustu samskiptin í foreldrasamvinnunni. Við eigum í daglegum samskiptum við foreldra þrátt fyrir að samskiptin hafi líka mikið færst yfir á Karellen. Þar eru foreldrum send einkaskilaboð er varða barnið, t.d. ef eitthvað kemur upp á, barnið er veikt eða ólíkt sjálfu sér, vantar aukaföt eða annað. Foreldrar nota þetta líka til að koma skilaboðum áleiðis t.d. um hver kemur að sækja og kl.hvað og bara fyrir almennar spurningar eða vangaveltur.

Við notum líka Tilkynningahnappinn til að koma skilaboðum til foreldra. Við notuðum hann meðal annars til að auglýsa eftir foreldrum í foreldrafélagið og það er ánægjulegt að segja frá því að það var mikill áhugi og foreldrafélagið Máni hefur aftur tekið til starfa og hefur til að mynda endurvakið og



skipulagt sveitaferðina vinsælu nú um Hvítasunnuna. Það starfar líka sem foreldraráð enn sem komið er.

Foreldrar greiða mánaðarlega í foreldrasjóð.

Foreldrafélagið greiðir fyrir jólasveina og gjafir frá jólasveinunum, gefur hverri deild fjárhæð til að versla bækur á bókamarkaðinum ár hvert, greiðir fyrir skemmtiatriði á sumarhátíðinni, og gjafir handa útskriftarbörnunum.

Foreldraviðtöl fóru fram á tímabilinu febrúar – maí.

Við vorum ekki með stóran foreldrafund í ár heldur, það er erfitt að koma okkur öllum fyrir einhversstaðar. Erum enn að velta fyrir okkur nauðsyn þess og fyrirkomulagi.

Mángaður er með heimasíðu, HighScope-fræðslusíðu á Facebook fyrir foreldra og Instagram síðu sem við bendum foreldrum á.

Við eigum í mjög góðu og farsælu foreldrasamstarfi og eftir foreldraviðtölin kom í ljós að það er almenn ánægja með starfið, starfsfólkið og stjórnun leikskólans. Við erum þakklát og stolt af því.

17 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar fóru í HighScope fræðslu, skyndihjálparnámskeið, deildarvinnu og innra mat.

18 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans Mánagarðs

Íris Dögg Jóhannesdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri

Dagsetning – 28.06.24





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Leikskólinn Mánagarður

Umsögn foreldraráðs

Foreldrafélag/foreldraráð leikskólans skipa:

Georg Lúðvíksson

Helga Rós Magnúsdóttir

Kristrún Tinna Gunnarsdóttir

Monika Jónsdóttir

Signý Gísladóttir

Þóra Kristín Sigurðardóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Mánagarðs hefur tekið fyrir og samþykkir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025. Áætlunin er ítarleg og faglega unnin og endurspeglar það metnaðarfullt starf sem er unnið á leikskólanum Mánagarði.

Í áætluninni er á gagnsæjan hátt fjallað um bæði sigra og áskoranir leikskólans á árinu. Ljóst er að stjórnendur leikskólans hafa tileinkað sér sveigjanlega og lausnamiðaða nálgun þegar brugðist er við áskorunum svo sem manneklu og fjölgun barna með annað móðurmál - enda hefur upplifun þeirra foreldra sem undirrituð hefur rætt við ekki verið að áskoranirnar hafi bitnað á þjónustunni við börnin.



Í áætluninni er ítarlega gerð grein fyrir PQA mat á öllum deildum, þar sem innra starf er metið út frá eftirfarandi þáttum; námsumhverfi barna, dagskipulagi, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum.

Á síðasta starfsári var sérstök áhersla lögð á að koma upp listasvæði á yngri deildum og bæta mat á þeim þætti. Þá fagnar Foreldraráð sérstaklega hversu mikið var um fjölbreytta fræðslu á þessu skólaári fyrir starfsfólk og frumkvæði stjórnenda Mánagarðs við að bjóða upp á HighScope-fræðslusíðu á Facebook fyrir foreldra og Instagram síðu þar sem deilt er svipmyndum af starfinu.

Tillögur til áframhaldandi þróunar:

1. **Foreldrakönnun** – það var gaman að sjá að Mánagarður kom vel út í starfsmannakönnun en gagnlegt væri að gera einnig könnun á meðal foreldra varðandi hvað vel er gert og einnig endurgjöf á tækifæri til að gera enn betur.
2. **Skýr framtíðarsýn** – sá þáttur sem fær lágsta einkunn í fyrrnefndri starfsmannakönnun er “skýr framtíðarsýn”, það væri einnig gagnlegt fyrir foreldra að fá innsýn í hvernig stefnt er að því að leikskólinn þróist t.d. næstu 5 árin og með hvaða hætti foreldrar gætu hugsanlega lagt hönd á plóg.

Foreldraráð þakkar gott og ánægjulegt samstarf á þessu skólaári sem er senn á enda.

Fyrir hönd Foreldraráðs Mánagarðs,
Kristrún Tinna Gunnarsdóttir





Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F Starfsdagur	1 S Fulveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýsdagurinn	1 S	1 Þ Sumarfrí
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjömannadagurinn	2 M Sumarfrí
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F Sumarfrí
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F Sumarfrí
5 M Frídagur verslunamanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M Óskudagur	5 L	5 M	5 F Starfsdagur	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 S	6 Þ	6 F starfsdagur	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M Sumarfrí
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S Hvítasunnudagur	8 Þ Sumarfrí
9 F	9 M Afmæli Mánagarðs	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunu	9 M Sumarfrí
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Sumarfrí
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ Dagur íslenska táknaðsins	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F Sumarfrí
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F Jólagnó/íðventukaffi	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F Sumarhátíð	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 M	14 M	14 L	14 M Sumarfrí
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ Sumarfrí
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Starfsdagur	16 F	16 M	16 M Sumarfrí
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lýðveldisdagurinn	17 F Sumarfrí
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M	18 F Sumarfrí
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F Útskrift elstu barna	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S Þáskadagur	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M Annar í Þáskum	21 M	21 L	21 M Sumarfrí
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ Sumarfrí
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M starfsdagur	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M Sumarfrí
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Þorablót	24 M	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ	24 F Sumarfrí
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Sumarfrí
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jölum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F Fri	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Sumarfrí
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 L	29 Þ	29 F Uppstigningardagur	29 S Sumarfrí
30 F Starfsdagur	30 M	30 M	30 L	30 M Fri	30 F			30 S	30 M	30 M	30 M Sumarfrí
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F			31 M		31 L	31 F Sumarfrí